

## Útisýning í Mosfellssveit

Laugardaginn 1. sept kl. 14.00 opna 10 ungr myndlistamenn útisýningu í landi Dallands í Mosfellssveit. Verkin eru flest unnin með tilliti til þeirra möguleika sem staðhættir leyfa, annaðhvort beint í landið eða sem sjálfstæðir skúlptúrar úr aðfengnum efnum.

Peir sem sýna eru: Sigríður Ell-íðadóttir, Nanna K. Skúladóttir, Gunnar Árnason, Þórdís A. Sigurðardóttir, Ólafur Sveinn Gíslason, Anna Guðjónsdóttir, Kristinn E. Hrafnsson, Ragnildur Stefánsdóttir, Helga Júlíusdóttir og Anna Sigríður Sigurjónsdóttir.

Til að komast á sýningarsvæðið er Suðurlandsvegur ekinn frá Reykjavík, að afleggjaranum við Geitháls. Þar er beygt til vinstri og ekið sem leið liggur u.þ.b. 5 km. langan malarveg. Leiðin mun þó verða merkt væntanlegum gestum til leiðbeiningar. Aðgangur er ókeypis. Sýningunni lýkur sunnudaginn 16. september.



Þau sýna á Kjarvalsstöðum. Frá vinstri: Kristján, Guðmundur, Guðmunda, Valtýr og Jóhannes. Ljós. eik.

## „Úthaldið fyrir mestu“

„Úthaldið er fyrir mestu. Menn skortir oft úthald og gleyma því að ef þeir gefast ekki upp, þá kemur að því að þeir uppskera. Ég býst við að það sé einstakt, ekki bara hér, heldur einnig þótt víðar sé leitað, að finna hóp sem hefur sýnt saman í nærri 40 ár. Þetta sýnir hvað hægt er að gera með úthaldinu“ sagði Valtýr Pétursson einn úr Septem-hópnum, sem nú sýnir á Kjarvalsstöðum

og vantar aðeins 3 ár í að þessi hópur hafi sýnt saman í 40 ár.

„Við erum að verða stofnun í þjóðfélaginu, en mér sýnist við ekki hafa mikil áhrif á unga fólk-  
id, sem nú er að mála. Þegar gerð var hvað höfðust atlega að málverkinu, þjöppuðumst við saman og það hefur sýnt sig að málverkið er ódrepanði og lifir allt af“, sagði Valtýr ennfremur.

A sýningunni eru eingöngu ný

olíumálverk, auk skúlptúra Guðmundar Benediktssonar, myndhöggvara sem sýnir sem gestur með Septemhópnum. Málverkin eru eftir þau Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson, Valtý Pétursson, Þorvald Skúlaason og Guðmunda Andrésdóttur, en Steinþór Sigurðsson og Karl Kvaran sem báðir tilheyra hópnum, sýna ekki með að þessu sinni. Sýningunni lýkur 16. sept.

ps

**exsept.**

Prír  
að norðan  
í  
Listasafni  
ASÍ

„Við viljum gjarnan sjá verk okkar í öðru ljósi en þau eru sköpuð í og fá víðari umfjöllun um þau“ sögðu norðlensku listamennirnir Óli G. Jóhannsson, Guðmundur Ármann og Kristinn G. Jóhannsson sem opna í dag sýningu í Listasafni ASÍ undir heitinu „Exsept“.

Peir eru allir búsettir á Akureyri og sögðu að salur af þessu tagi fyrirfyndist ekki þar nyrðra og væri sannarlega þess virði að sjá eigin verk í sal eins og Listasafnið býður upp á.

„Annars er gott að mála fyrir norðan, þótt okkur vanti bæði betra sýningarhúsnæði og meiri og faglegri umfjöllun.

Það er mikill myndlistaráhugi á Akureyri og nú eru að koma heim ungrir, menntaðir myndlistarmenn, sem mikils má vænta af“, sögðu þeir þremmingarnir. Á sýningu þeirra eru um 60 verk, grafík, akrilverk, olíumálverk og teikningar.

ps

# NÝ VAXTIA KJÖR

## Nú gerir Samvinnubankinn þér mögulegt að fá 26% ársávöxtun af sparifé þínu

Hin nýju vaxtakjör Samvinnubankans hafa í för með sér betri ávöxtun sparifjár en áður. Hér eru nokkur dæmi um breytingar á innlánsvöxtum frá 1. september 1984:

	ÁÐUR	NÚ
SPARIREIKNINGAR, MEÐ 3 MÁNAÐA UPPSÖGN:	19,9%	21,0%
ÁVÍSANAREIKNINGAR	7,0%	12,0%
HLAUPAREIKNINGAR	7,0%	9,0%
SPARIVELTUREIKNINGAR	17,0%	20%
<b>NÝJUNG:</b> SPARIREIKNINGAR, MEÐ 6 MÁNAÐA UPPSÖGN		26%

**Samvinnubankinn**